

FUNDARGERÐ

Nefnd:	Starfsmatsnefnd
Efni:	134. fundur starfsmatsnefndar
Viðstaddir:	Helga Björg Ragnarsdóttir; Anna María Pétursdóttir; Anna Helgadóttir; Steinvör Laufey Jónsdóttir; Ingi Geir Hreinsson; Ragnar Ólason; Halldór Gunnarsson; Sigríður Bjarnadóttir
Fundardagur:	10/15/2013
Tími:	10:00 AM - 11:15 AM
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

134. fundur Starfsmatsnefndar haldin í Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur
Þriðjudaginn 15.10.2013 og hófst hann kl. 10.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Eflingu), Halldór Gunnarsson (StRv),
Sigríður Bjarnadóttir (SBU)

Mætt af hálfu Rvk: Helga Björg Ragnarsdóttir, Anna María Pétursdóttir, Anna Helgadóttir
Starfsmenn Starfsmats: S.Laufey Jónsdóttir og Ingi Geir Hreinsson.

Fundargerðir tveggja funda samþykktar og fyrir tekið:

I. Næstu skref starfsmatsnefndar vegna fræðsluferðar til Bretlands.

Starfsmatsnefnd og ráðgjafar hafa fengið ýmis gögn frá viðmælendum í Bretlandi um vinnulag og viðmið í starfsmatinu hjá þeim. Í framhaldi hefur nefndin ákveðið að setja af stað verkáætlun um greiningu á verklagi og viðmiðum Reykjavíkurborgar til samanburðar og endurskoðunar. Nefndin mun því hittast vikulega næstu vikurnar og oftast ef þörf krefur til að flýta sem mest þessari vinnu.

II. Tillaga að endurmati starfs í vinnslu nefndar.

Mál nr. 2012- 81 Endurmat nr. 2012-152 MOF6500/8590verkefnisstjóri (BBS).
Að beiðni Halldórs hafa allir fulltrúar starfsmatsnefndar sem aðkomu hafa að þessu máli samþykkt að fresta afgreiðslu málsins þar til að vinnu starfsmatsnefndar við endurskoðun starfsmatsins er lokið .

III. Ný framlögð tillaga að endurmati starfs til nefndar.

Mál nr. 2013- 99 Endurmat nr. 2013-165 USK6100stöðuvörður.

IV. Önnur mál.

Anna María óskar eftir að dagskrá funda verði send til nefndarmanna fyrir fundi.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl.11.15.

Næsti fundur nefndar þriðjudaginn 22 okt 2013. kl. 10.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.